

Ed.

271. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til I. um fávitastofnanir.

Frá Alfreð Gíslasyni og Karli Kristjánssyni.

1. Við 1 gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Við hælið skal starfa sálfræðingur, skipaður af ráðherra, sem jafnframt hefur á hendi eftirlit með öðrum fávitastofnunum í landinu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra getur veitt sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum leyfi til þess að reka fávitahæli, að fengnum meðmælum landlæknis. Landlæknir skal leita álits yfirlæknis og sálfræðings aðalhælis um uppdrætti og teikningar hæla, sem aðilar þessir hyggjast byggja, áður en hann mælir með leyfisveitingu. Sama gildir um dagvistarheimili fyrir fávita.
Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnana samkv. þessari grein eru ráðnir.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Leita skal umsagnar yfirlæknis og sálfræðings, sbr. 1. gr., um allar umsóknir um vist á fávitastofnunum, áður en vistun er ákveðin. Þeir geta gert það að skilyrði fyrir vistun, að hlutaðeigandi vistmaður verði vistaður á því hæli, sem þeir ákveða. Ekki verður vistmaður þó settur á fávitastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Sálfræðingur aðalhælisins skal fara í eftirlitsferðir eigi sjaldnar en tvisvar á ári til þeirra stofnana, sem hann hefur eftirlit með. Hann skal árlega gefa landlækni skýrslu um stofnanirnar og oftár, ef tilefni gefst til. Styrktarfélag vangefinna skal eiga aðgang að skýrslum þessum.